

SKOTLANDSFERÐ

26. APRÍL TIL 7. MAÍ 2010



Þessi mynd er tekin í gaðinum á hótelinu okkar í Oban - The falls of Lora Hotel. Talið frá Vinstri: Jón Þór, Hólmar, Stefanía, Stefán, Hilmar, Bjarney, Logi Eyrún og Axel.

Ferða sagan

Eftir mikinn undirbúning á ferð nokkurra BMW hjólamanna til Brelands sem hófst s.l. haust þá var komið að því að hefja þessa miklu ferð mánudaginn 26. apríl.

Hjólin höfðu verið sett í gám frá SAMSKIPUM 19. apríl, en Gunnar Jónsson og Guðmundur Traustason undir styrkri stjórn Loga Guðjónssonar höfðu undirbúið hleðsluna í

gáminn. Gunnar komst ekki með vegna veikinda en Logi og Guðmundur stóðu svo sannanlega fyrir sínu við hleðsluna.

Hleðslan hófst mánudeginum 19. apríl og var kláruð daginn eftir þegar hjól Hólmar og Jóhanns komu með flutningabíl að norðan. Gámurinn fór svo um borð í Arnarfellið sem lagði úr höfn að kvöldi 22. apríl. Þegar þetta er skrifað eru hjólin kominn hingað heim eftir ca. 32 daga ferð.

Þátttakendur fóru ekki allir út á sama tíma en allir flugu nema Hilmar sem fór sem farþegi á Arnarfellinu og

fylgdi þannig hjólunum. Eypór flaug til London á fimmtudaginn 22. apríl og Hólmar og Eyrún flugu til London föstudaginn 23 apríl.

Guðmundur Traustason flaug til Glasgow og sameinaðist megin hópnum sem þangað kom á mánudeginum 26. apríl.

Vegna gossins í Eyjafjallajökli þá flaug meginhluti hópsins frá Akureyri til Glasgow eftir rútuferð frá Reykjavík. Stefanía, kona Axels, flaug til Glasgow miðvikudaginn 28. apríl, eftir mikla seinkun á flugi frá Íslandi – aftur vegna gossins.

Þáttakendur í ferðinni voru þessir:

Axel Eiríksson, Reykjavík
Bjarney Jörgensen, kona Jóns Þór
Eyrún Ingvadóttir, kona Hólmars
Eypór Örylgsson, Reykjavík
Guðbrandur Kjartansson, Reykjavík
Guðmundur Ragnarsson, Reykjavík
Guðmundur Traustason, Garðabæ
Guðrún Þórsdóttir, kona Jóhanns

Hilmar Jónsson, Reykjavík
Hólmar Svansson, Akureyri
Jóhann Ásmundsson, Akureyri
Jón Þór Lúðvíksson, Ólafsvík
Logi Guðjónsson, Reykjavík
Stefanía Sigurjónsdóttir, kona Axels
Stefán Stefánsson, Seltjarnarnesi
Örn Svavarsson, Seltjarnarnesi

Ferðin til Englands

Gosið hafði því þó nokkur áhrif á þetta ferðalag okkar bæði við upphaf ferðarinnar og einnig á heimferð Stefaníu og Eyrúnar, en þær áttu bókað flug heim frá Glasgow miðvikudaginn 5. maí, en urðu að breyta sinni ferð heim með því að sameinast hópnum og fljúga frá London. Þá varð enn seinkun á fluginu heim frá London vegna gossins, en allt gekk þetta þó upp að lokum.

Ferðin til Englands

Gámurinn kom til Immingham um hádegðið þann 26. apríl. Hilmar fékk sitt hjól út um kl. 14,00 og hjólaði á hótelið okkar sem er í Grimsby og heitir Premier Inn. Eypór kom þangað stuttu síðar, en hann hafði þá ekið um 500 km frá suður Englandi og uppeftir. Hólmar og Eyrún komu á bílaleigubíl frá London, en meginhópurinn kom með rútunni sem við höfðum fengið til að keyra okkur til og frá flugvöllinum seinni partinn.

Rútan fór beint niður a höfn í Immingham og menn sóttu hjólin og var þeim ekið á hótelið. Þá voru sótt hjól Hólmars og Guðmundar Björnssonar sem ekki voru komnir – reyndar fór það svo að Guðmundur Björnsson komst ekki og því fékk hjólið hans að fara í sjálfstætt ferðalag.

Eftir að fólk hafði skráð sig inn á hótelið þá var farið á barinn og spjallað og um kvöldið borðaði hópurinn saman á veitingastað sem var við hliðina á hótelinu – sem heitir HAVEN – og skeggrætt var um ferðina framundan.



Logi og Guðmundur Traustason að festa fyrsta hjólið í gáminn í Reykjavík



Gámurinn hífður í land í Immingham



Bjarney, Logi og Guðrún



Hólmar og Eyrún



Eypór, Stefán, Guðbrandur og Guðmundur Traustason

Dagur 2

Eftir morgunverð þriðjudaginn 27. apríl voru hjólin hlaðin og flestir fóru á BMW verkstæðið í Grimsby – Astle – sem er um 10 km frá hótelinu. Þar áttu nokkur hjól pantaðann tíma í viðgerðir og dekkja-skipti, einnig höfðu menn pantað varahluti, dekk og aðrar vörur sem ganga þurfti frá.

Þar var tekin mynd af hópnum og viðtal í The Grimsby Telegraph. Veðrið í Grimsby var mjög gott - góður hiti og sólskin.

Þarna skiptist hópurinn upp í minni hópa sem allir höfðu það að markmiði að keyra til Tan Hill Inn krárinna í Yorkshire þar sem við áttum öll pantaða gistingu, þessa aðra nótt okkar í ferðinni. Hver hópur fór sína leið, hóparnir skiptust þannig: Axel, Guðbrandur, Hilmar, Logi og Stefán, lögðu fyrstir af stað og keyrðu til borgarinnar York og þaðan upp Yorkshire Dales eftir miklum krókum eftir fallegum vegum og komu til Tan Hill um kl. 18, rétt á undan hinum.

Guðmundur Ragnarsson og Örn, ásamt Guðmundi Traustasyni voru samferða langleiðina, komu næst á staðinn og stuttu síðar komu Hólmar, Eyrún, Jón Þór, Bjarney, Eypór, Jói og Guðrún.

Tan Hill Inn er Pub sem er staðsettur í dal sem heitir Teensadale nyrst í svokölluðum Yorkshire Dales (<http://www.tanhillinn.com/>). Hann er í 1,760 feta hæð - 580 m - og þar með hæsti "Pub" á Bretlandseyjum. Það var mjög sérstakt andrúmsloft á þessum stað, starfsfólkið all sérstakt og allur umbúnaður allt öðruvísi en maður gat ímyndað sér fyrirfram. Gistingin var þannig að karlmennirnir gistu í tveimur "bunker rooms", í kojum þar sem tíu menn sváfu saman. Konurnar þrjár fengu sér herbergi, sem var af allt öðru tagi. Jói og Gunna tjöldðu rétt við hliðina á staðnum.

Það var mjög frjálst þjónusta á staðnum og maturinn var all sérstakur – við afgreiddum okkur sjálf með bjórinn og við áttum mjög skemmtilegt kvöld þarna.



Hluti hópsins með forstjóra BMW í Grimsby



Guðmundur við afgreiðslu á barnum í Tan Hill Inn, ásamt eigandnum



Jón Þór, Bjarney, Eyrún, Hólmar og Gunna



"Yorkshire Pudding" að hætti Tan Hill Inn - mjög spennandi

Hólmar sendi þennan pistil á bloggð og segir frá Tan Hill Inn

"Jæja nú er hópurinn kominn til Tan Hill Inn. Þetta er okkar fyrsti áfangastaður í túrnum. Við vöknuðum í morgun í Grimsbý og fórum í smáviðgerðir. Ég verð að segja og það held ég fyrir munn margra að ferðin í dag var miklu flottari en ég bjóst við. Við keyrðum svokallaða sveitavegi. Þetta eru vegir sem eru kallaðir "Unpaved" í GPS inu en við BMW hjólajaxlar köllum þetta nú bara malbik. Þetta er svona lélegt bundið slitlag. Vegir lágu til að byrja með um litla roslalega sæta bæi en svo fór byggð að þynnast. Við vorum komin í svona einbreiða slóða sem voru milli hlaðinna veggja eins og maður hélt að væri bara miklu norðar í Bretlandi. Brekkur voru allt að 20% halla og það þvældist nú fyrir einhverjum en Bakaradrengurinn og frú lögðu sig í smá stund í einni brekkunni. En engum varð meint af. Veðrið í dag var mjög gott- að sögn var allt að því 42° hiti neðarlega í gallanum en utan hans var 17-19°C.

Við keyrðum í 2-3 hópum og fórum svipaðar leiðir. Áfangastaður dagsins er Tan Hill Inn sem er pöbb hér í "middle of nowhere" 547,5 metra hæð. Þetta er flottur staður sem var í fréttum í vetur heima á Íslandi þegar hér fór allt á kafi í snjó og fólk var innilokað hér í nokkra daga sem var mjög óvanalegt.

(Ekki það að okkur Norðlendingum þyki þetta neitt merkilegt) Hér fengjum við svo að borða skrítnar máltíðir að hætti heimamanna og það rann vel niður í svangan mannskapinn. Steak and ale og Yorkshire pudding with sausage og fyrir þá huglausu var svo hamburger and chips.

Nú sitjum við hér nokkur þessi alhörðustu og reynum eftir megni að draga fram óljósar minningar dagsins enda liggja nokkrir bjórar - að ótöldum Hvítvínsflöskum - í valnum. Nú er að fara í koju. Bókstaflega. Hér eru kojur fyrir kallana en fin rúm fyrir konurnar - ekkert hjásófelsi í kvöld hjá okkur sem komum með konurnar með okkur :(

Reynum að koma inn myndum við tækifæri. Góða nótt"

Dagur 2 - frh.

Eins og glögg má sjá þá er þarna mynd af Ólafi Ragnari og Dorrit upp á vegg á kránni.




Tjaldið þeirra Jóa og Gunnu við Tan Hill Inn



"Those Bloody Bikers" - sagði hann þessi um nóttin
kojuherberginu, Húfan var í boði kránnar



Stefán og Logi spjalla við matarborðið á Tan Hill Inn



Örn Svavasson með annan heimalnlinginn á Tan Hill Inn



Þetta er aðalmaðurinn í Tan Hill Inn



Tveir Guðmundar ánægðir með að vera komnir á staðinn
- þeir standa hér fyrir framan Tan Hill Inn

Dagur 3

Miðvikudagurinn þriðji dagurinn í ferðinni hófst með klassískum morgunverði sem var nánast eins alla morgna í ferðinni, en hét mismunandi nöfnum eftir því á hvaða svæði hans var neytt – þarna hét hann “Yorkshire Platter”. Á hinum stöðunum hét hann t.d. Scottish Platter, Lake District Platter og svo framvegis.

Eftir að hjólin höfuð verið hlaðin þá var ekið af stað. Þennan dag var áfangastaðurinn Newton Stewart sem er strandsvæði í Skotlandi, en hótelið okkar hét Kelvin House Hotel (<http://www.kelvin-house.co.uk/>) og er í bæ sem heitir Glenluce.

Hópurinn lagði af stað saman en fljótlega skiptist hann upp í tvo hópa, sem hjóluðu þó nánast sömu leið. Jóhann og Guðrún höfðu önnur plön og héldu sína leið sem var austar og norðan við okkur hin - og sameinuðust svo hópnum síðar.

Hápunktur þessa dags var það hjóla yfir heiði sem heitir “Hardknott Pass” sem er hátt í 400 metra há og hallinn á brekkum allt upp í 30% - með mörgum kröppum beygjum. Góður rómur var gerður af akstrinum um þennan veg og þótti mönnum mikið til koma. Eftir að hafa farið yfir “Passið” komum við niður í Lake District. Þaðan var ekið eftir flottum vegum sem var okkar val - nánast allan túrinn – val sem bauð upp á mjóa vegi með aflíðandi beygjum í bland við krappar - í afar fallegu landslagi og oftar en ekki hlaðnir veggir sitt hvorum megin við veginn. Við stoppuðum oft bæði til að taka bensín og svo ekki síst til að taka myndir.

Ferðinni var heitið til Glenluce – sem er á svæði sem þekkt er undir nafninu Galloway - komum við um klukkan níu um kvöldið eftir mikla keyrslu.

Í fyrri hópnum voru: Eypór, Guðbrandur, Guðmundarnir báðir, Hilmar, Logi, og Örn. Í seinni hópnum voru: Bjarney, Eyrún, Hólmar, Jón Þór, Logi og Stefán. Axel hafði sagt skilið við hópinn síðdegis þennan dag en hann fór til Glasgow til að sækja Stefáníu sem þangað var væntanleg,

Hótelið var ekki af bestu sort en fólk svaf í tveggja og þriggja manna herbergjum, nema Guðmundur Ragnarsson og Örn sem fóru á hótél rétt hjá.

Maturinn - aftur á móti - var með þeim betri sem fékkst í ferðinni – enda á Galloway svæðinu eins og áður er sagt. En það voru þreyttir ferðalangar sem fóru til koju þetta kvöld.



Guðmundur Traustason, Guðmundur Ragnarsson og Guðbrandur efst í Hardknott Pass



Stefán og Hólmar, þarna sést hversu sumir veggirnir voru mjögir, þarna var varla pláss til að bíll og hjól mættust



Stefanía að fá sér hressingu



Hardknott Pass, Guðbrandur að irða fyrir sér útsýnið



Veitingastaður í Lake District eftir að komið er niður Hardknott Pass

Dagur 4

Fimmtudagurinn 29. apríl með morgunverði sem var að sjálfsögðu "Galloway Platter" og eftir að lokið var að hlaða hjólin fengum við ljósmyndara frá Galloway Gazette – staðarblaðinu á þessu svæði – sem tók myndir af hópnum. Eftir að hjólin voru tilbúin var lagt í ferðalag dagsins.

Nú skiptust leiðir Eypór og Guðbrandur fóru saman, Guðmundur Ragnarsson og Örn fóru saman, en restin af hópnum hélt af stað og nú var áfangastaðurinn bær sem heitir Arochar, en við áttum pantað hótél með sama nafni þetta kvöld. Þessi staður er við Glyde fjörðin ekki langt frá Loch Lomond vatninu (<http://www.oxfordhotelsandinns.com/OurHotels/Arrochar>).

Hjólað var um skemmtilega vegi eins og reyndar var gert allan tímann meira og minna.

Stóri hópurinn þennan dag samanstóð af: Bjarneyju, Eyrúnu, Hilmarí, Hólmari, Jóni Þór, Loga og Stefáni.

Axel og Stefanía komu inn í hópinn um kvöldið. Jói og Gunna eru enn ekki komin í hópinn aftur og eru að hjóla á austanverðu Skotlandi.

Mjög fallegt var á þessum stað og menn keyrðu aðeins um nánasta nágrenni og svo var sameiginlegur kvöldverður hjá hópnum. Þarna var DJ sem galdraði fram mikinn hávaða á skemmtara og söng fyrir okkur sem þeir nýttu sér sem höfðu tekið konurnar með og var ekki annað sjá en síðasta dansmámskeið hafi tekist vel.



Þessi mynd er tekin fyrir framan Kelvin House Hotel í Glenluce



Kvöldverður í Arochar hótelinu



Menn að gera sig klára fyrir ferð dagsins í Arochar



Barstemmnng á hótelinu í Arochar



Á hotel Arochar



Menn að gera sig klára fyrir ferð dagsins frá Arochar

Dagur 5

Þennan dag skiptust menn í hópa eins og reyndar alla dagana og nú voru menn búnir að staðsetja sig innan hópsins.

Þannig fóru Eypór, Guðbrandur, Guðmundur Ragnarsson og Örn Svavarsson sína leið og restin af hópnum hélt saman og nú var áfangastaðurinn Oban sem er bær við vestuströnd Skotlands.

Að venju var ekið um skemmilega vegi og víða stoppað til að taka myndir og snarla.

Oban er mikill ferðamannabær í afar fallegu landslagi. Þar áttum við pantaðar tvær nætur á hóteli sem heitir Falls of Lora Hotel (<http://www.fallsoflora.com/>) í 130 gömlu húsi í fallegu umhverfi. Þarna koma saman Loch Etive og sjór og við sjávarföllin myndast "falls" eða fossar sem eru mikið sjónarspil.

Við fórum að skoða okkur um í bænum í bæinn, Hólmar fór í dekkjaskipti en hann hafði fengið sent dekk til Oban sem ekki fékkst í Grimsby, næsti dagur var planlagður og við kíktum aðeins í búðir.

Um kvöldið sameinaðist svo hópurinn í mat á hótelinu.

Allir gistu á þar nema Guðmundur Traustason sem gisti í tjaldi á tjaldsvæði nálægt.



Þessi mynd er tekin fyrir framan kastala nálægt Oban



Dekkið komið og þau hjónin á leið að koma því undir hjólið



Stefanía, Axel og Eyrún við höfnina í Oban



Hólmar að stilla myndavélarnar - árangurinn sést hér til vinstri

Axel bloggar þennan dag:

"Við erum nú allur hópurinn kominn í fallegan hafnarbæ sem heitir Oban eftir að hafa gist síðustu nótt í litlum bæ sem heitir Arrochar við Loch Long sem er svona "bakvatn" við Loch Lomond. Dagleiðir eru mislangar en ferðin í gær frá Newton Stewart til Arrochar var fjölbreytt. Skoðuðum fallega sveitarbæi og vegi. Hafnarbæ og hraðbrautar-túr um 270 km. Þetta var bara næs og komið þökkalega snemma á hótél til að hæggt var leggja sig fyrir matinn. Í dag var ennþá afslappaðri og 150 km og skoðunartúrar hjá einhverjum þess utan. Ferðin hefur verið frábær í alla staði. Hópurinn nær vel saman og nú eru allir "undirhópar" að ná að stilla sig vel saman. Í kvöld voru allir saman hér en á morgun skilja leiðir. Annar hópurinn ætlar í hringferð um Isle of Sky og ætla sér að landa yfir 500 km á morgun. Hinn hópurinn tekur ferju út í Isle of Mull og þar ætlum við að skoða ýmsar flottar menjar.

Við höfum keyrt um svæði sem eru mjög fjölbreytt. Til að mynda fórum við um tvo mikla fjallvegi, annan til Tan Hill og hinn sem var allsvakalegur og heitir Hardknott Pass og er með brekkur sem eru með 30% halla- það þýðir að við förum upp um 1 meter fyrir hverja 3 metra. Þetta er allt malbikað þó um margt minni þetta á íslensk skörð til að mynda Lágheiði. Allt er þetta malbikað þó breiddin sé varla fyrir bíl og menn mætast bara á svona útskotum.

Veðrið hefur verið mjög gott utan smá rigning í morgun. Hér verðum við í tvo daga. Hópurinn hefur skipst í tvo hópa en menn hittast á kvöldin. Það er samdóma álit allra að ferðin sé framar vonum. Við reynum að komast í net seinna í dag eða á morgun.

Ferð Jóa og Gunnu

Leiðir skildu eftir Tan Hill Inn og ég og Gunna keyrðum áfram í gegn um Pennine Hills og um sveitirnar til norð-austurs. Brunuðum svo inn í New-castle til að kaupa okkur afturdekk sem var orðið hættulega mikið slitið. Þaðan til norðurs í gegn um Northumberland National Park og inn yfir landamæri Skotlands. Hvort það var stórborgin og umferðin sem að fylgdi henni eða að alltaf vorum við í huga-num á leiðinni til Skotlands, en þegar við fórum yfir landamærin fannst okkur við vera kominn. Landslagið breyttist og við erum ekki frá því að viðmót fólksins hafi gert það líka. Hæðirnar urðu meiri og landið var ekki alveg skipulagt í þaula. Villtur skógur og ósnort-in náttúra tók við. Stoppuðum í Jedburgh og fengum okkur skyndibita, þar var boðið meðal annars upp á pizzu með Haggis, ekkert grín með það. Teygðum úr okkur og röltum aðeins um miðbæinn og veltum mikilfengum rústum klaustursins (Jedburgh Abbey) fyrir okkur. Héldum svo aftur af stað og keyrðum þar til dimmt var orðið. Stungum okkur inn á tjaldstæði í Innerlaithen og sofnuðum rótt við ána Tweed.

Sváfum yfir okkur og komumst ekki af stað fyrr en seint og síðar meir, lentum í seinniparts umferðinni þegar við reyndum að komast norður framhjá Glas-gow án þess að fara á hraðbrautina. Það gekk hægt bæ úr bæ og ferðin sóttist seint og vorum við heldur

leið á lullinu því ekki var útsýnið eða umhverfið upp á marga fiska. Borðuðum síðbúin hádegismat um fimm leitið í Kilsith þegar við vorum kominn í gegn um þéttbýlið. Héldum svo af stað í átt að Loch Lomond eftir að hafa náð úr okkur pirringnum og borðað góðan mat. Þá tók við mikil náttúrufegurð, lögurinn (loch) inn á milli skógi vaxinna hæðanna. Vegurinn hlykkjaðist með ströndinni og rótum hæðanna. Það var alveg ótrúlega gaman og fallegt að keyra þessa leið norður í hálöndin um Loch Lomond. Áfram um hálendið um Rannoch Moor, Loch Tulla, Loch Ba. Fjöllin svo falleg og tignarleg en samt á einhvern hátt minni um sig en okkar, Buachaille Etive Mór, (Hirðirinn mikli frá Etive). Svo fór að rigna aðeins og við hægðum á okkur og áðum í Fort William við Loch Linnhe undir Ben Nevis hæsta fjalli á Bret-landseyjum. Fengum okkur kojur og sváfum í 'bunk house' þá nótt í Roybridge.

Áfram norður og vestur um hálöndin, mögnuð keyrsla, allar götur með slitlagi þó þær væru stundum ansi mjóar og aldrei beinn braut, sem er auðvit-að kostur. Upp um fjöll og gil, nú var gróðurfarið og landslagið farið að minna á Ísland. Við stefndum í átt að Isle of Skye. Stoppuðum við Eilean Donan Castle, sem er einstaklega fallegur kastali á einstak-lega fallegum stað við Loch Duich. Fórum á kránna í Dornie þegar hún opnaði um 10 og fengum okkur



að borða og hlýjuðum okkur við arineld. Þá strax fóru heimamenn að tínast inn og hundarnir þeirra, hvítvín eða öl lagðist vel í landann fólk á öllum aldri og báðum kynjum byrjaði daginn snemma á kránni og engin óhamingja tengd því. Við eyddum lunganu úr morgninum þarna, skoðuðum kastalann og spókuðum okkur. Áfram héldum við en ekki út í Isle of Skye heldur í norður um ása og engi um smábæi, Balmacara, Drumbuie, Duirinish, og sjávarþorp, og var Plockton þeirra fagrast. Áfram norður, um heiðar og skóga, ása og vötn, og loks til Inveralligin við Upper Loch Torridon í ótrúlegri náttúrufegurð þar sem vinir okkar tóku á móti okkur í glampandi sólskinu.

Þá héldum við í austur um Glenn Torridon, Glenn Docherty, Strath Bran, Loch Luichart til Drumnadrochit og Urquhart Castle við Loch Ness. Slökuðum á og fírdum upp í prímusnum og hituðum okkur kaffi, kíktum í kaupfélagið sem var líka pósthús, skrifuðum póstkort og lulluðum svo með ströndum Loch Ness um Inverness og norður og austur með Moray Firth. Villtumst aðeins í sveitunum og skógunum í Drum-mossie Muir, fundum loks vini okkar aftur og gistum meðal vina, í Rafford.

Lögðum af stað seinnipartinn suður um Grampian Mountains, þar sem vegurinn hlykkjast um hæðir og gil, ása og engi, ár og brýr og framhjá köstulum á milli lítilla þorpa og húsabyrpinga í sveitunum, um heiðar og skörð þangað til við urðum bensínlaus..!

Við gengum spölkorn að næsta bæ og var það auðfengið bensínið, nokkrir lítrar svo við kæmumst á leiðarenda til Pitlochry (eða Bail Chloichridh) þar sem við áttum stefnumót við félagar okkar í BMW klúbbinum. Við Pitlochri keyrðum við um Tay Forrest og skoðuðum meðal annars 4000 ára gamlan 'Stein-ahring' Croftmoraig Stone Circle. Lítil og fallegur hringur sem lét lítið yfir sér en birtir okkur mikilfeng-



legt sjónarhorn á forna menningu okkar allra. Þetta læt ég nægja af ferðum okkar Gunnu um hálönd skotlands og enn áttum við í vændum ævintýr með félögum okkar á ferð suður á bóginn. Mögnuð upplifun af náttúru og menningu af mótörhjólum en verður þó aldrei annað en hugskotssjón í ham Íslendinga.

joi



Dagur 6

Þennan dag skiptist hópurinn í tvo hópa. Guðmundarnir ásamt Eypóri, Erni og Guðbrandi fóru saman þennan dag og fóru út á eyjuna Skye og gistu í bæ sem heitir Portree.

Níu manna ópurinn sem samanstóð af: Axel, Bjarney, Eyrúnu, Hilmari, Hólmari, Jóni Þór, Loga, Stefaníu og Stefáni,

Þar sem við ætluðum að dvelja á hótelinu í tvo daga þá var kærkomið að nota tækifærið og skilja töskurnar eftir og hjóla án þeirra í fyrsta skiptið í ferðinni, enda létt yfir hópnum sem fór með ferju á eyjuna Mull, sem er fjórða stærsta eyjan af svokölluðum innri Herbrían eyjum við vesturströndina. Ferðin þangað með ferjunni tekur um 45 mínútur. Þar var svo keyrt um afar sérstaka vegi sem eru mjóir og bugðóttir.

Mull er falleg eyja og vinsæll ferðamannastaður. Aðal-atvinna eyjaskeggja eru veiðar, aðallega krabbar ýmiskonar. Vegir þarna eru mjóir sem gaman var að keyra en lausmöl var víða – það gekk á með skúrum þennan dag okkar þarna svo við komumst ekki hratt yfir.

Við stoppuðum í kaffi og skonsur hjá hjónum sem reka lítð kaffihús, “kaffihúsið” er í eldhúsi þeirra og rúmaði ekki nema helminginn af hópnum – þannig að hinn helmingurinn varða að nota útiaðstöðuna til að sötra kaffið. Við fórum inn í lítinn bær á eynni sem heitir Killiechronan, gamall bær með gömlum fallegum húsum sem gaman var að koma til.

Við urðum að ná ferjunni klukkan fimm en það var síðasta ferðin þennan dag, sem við náðum eftir mjög skemmtilegann dag í eynni.



Ferjan sem siglir á milli Oban og Mull



Bjarney, Stefán og Eyrún



Kort af eyjunni Mull og akstursleið okkar þennan dag sem vorum þar

Myndir frá Mull



Höfin í Fionnport



Vatnið hitað í kakóð



Swiss Miss er í uppáhaldi hjá Axel - hlýtur að vera!



Sumir voru með hitabrúsa og þurfu ekkert að baksa



Kaffihúsið



Jon Þór að gera samanburð á gæði bakstursins



Pottarnir marka plassið hjá þeim - vegurinn tekur við



Eigendur "kaffihússins"

Dagur 7

Jæja þá var enn komið að brottför. Þennan dag var planið að keyra til Pitlochry, en þar ætlaði hópurinn að hittast og halda sérstaklega upp á ferðina með kvöldverði í kastala í þeim bæ.

Sama skipting var á hollum og daginn áður.

Minni hóurinn fór til Inverness en sá stærri keyrði aðallega eftir B-vegum, um falega staði og lítil þorp.

Fyrsti áfangastaðurinn var í litlum bæ við Loch Ness þar sem áð var og fólk fékk sér hressingu. Þá var farið niður að vatninu og þar fóru Hólmar, Jón Þór og Bjarney í sundfötin og út í vatnið – við hin treystum okkur ekki – eða þannig. Þeir félagar Hólmar og Jón Þór tóku síðan hring á hjólum á skýlunum. Þessi sundferð þeirra mun seint gleymast - þeir félagar tóku nokkur sundtök og þegar þeir hjóluðu þá ku bílar hafa snúið við í forundran - sel það ekki dýrara en ég keypti það.


Hópurinn kom síðan saman í Pitlochry. Eypór var farinn suður á bóginn og kom ekki meira við sögu – Jói og Gunna komu inn í hópin.



Það var allt gefið í þetta



Þeir eru að hafa það



Bjarney dýfir tanni í vatnið



Jón Þór pósar



Hólmar kom til baka



Þeir eru að hafa sig út í

Axel bloggar:

Hópurinn lagði af stað frá Oban í gærmorgun í tveimur hollum og annar hópurinn fór hraðar yfir en 9 manna hópurinn hélt í áttina að Pitlochry og var stoppað á nokkrum stöðum á leiðinni þar á meðal við Loch Ness þar sem þau áðu, nógu lengi til þess að Jón Þór og Hólmar gátu brugðið sér úr fötunum og smellt sér í skýlu og synt í vatninu ísköldu. Mjög merkilegt að sjá þá svamla þarna um og vantaði ekkert nema að skrímslið kæmi og glefsaði í þá. Síðan tóku þeir léttan sprett á mótörhjólunum á skýlunum, svona rétt til að sýna hvað þeir væru hraustir já eða hraustir Íslendingar á ferð. En það var fallett veður en hafði kólnað talsvert mikið og var ekki nema 7 – 10 stiga hiti og bjart í sjálfum sér og ágætis veður næstu nótt. Það var gaman að keyra þarna um sveitirnar og sjá fjölin sem voru nokkur þarna snævi þakin okkur fannst þau vera í 1000 metra hæð. Það var mjög fallett að sjá hve sólin glampaði fallega á snjónum. Erum kominn í mjög fína gistingu í Pitlochry, komum þangað í gærkvöldi, svakalega falleg mansion svona herragarður lífill, erum öll þar, svakalega vel að okkur búið. Svo um kvöldið fórum við á Pallas hótelið sem er rétt við hliðina löbbaðum þangað. Það er lítil höll þar er rekið spa hótél, hálfgerð heilsulind. Rosalega flottur aðbúnaður og fallegur hátíðarsalurinn þar sem við borðuðum kvöldmatinn þríréttaðan og áttum fínt kvöld, síðan labbaði fólkið heim í rólegheitunum í myrkrinu yfir brú og læk, mjög fallegur bær Pitlochry, þannig endaði kvöldið í gær. Núna eru þau að fara að skoða Balmoral kastala og eitthvað fleirra en menn eru að tvístrast og hjóla um sveitina í hópum, látum þessu lokið og sendum kveðjur heim.



Dagur 8

Jæja þá var enn einu sinni komið að því að ferðbúast og halda suður á bóginn - enda farið að styttest í ferðalok.

Guðbrandur, Guðmundur Ragnarsson, Guðmundur Traustason, Logi, Stefán og Örn fóru til Edinborgar til að komast í BMW umboðið þar og svo áfram í átt að Grimsby.


Hólmar og Eyrún keyrðu til Glasgow, en Eyrún átti pantað flug þaðan daginn efir.

Axel, Bjarney, Gunna, Hilmar, Jói, Jón Þór og Stefanía keyrðu til Edinborgar – sérstaklega til að skoða listaverk eftir Leif Breiðfjörð í St. Giles kirkjunni þar. Leifur á þar tvö mikil verk sem hann gerði fyrir kirkju þessa, annað á níunda áratug síðustu aldar – en hitt er ca. tveggja ára gamalt.

Axel og Stefanía skildu svo við hópinn og fóru til Glasgow.

Við hin settum stefnuna á lítinn bæ í Cumbriu – Bramton – en þar heimsóttum við vinkonu Hilmars, Cathy og fengum te og skonsur. Við áttum skemmtilega stund hjá henni. Þá skoðuðum við “Hadrian Wall” sem er veggur sem Rómverjar gerðu á þeim árum sem þeir hertóku England, en veggur þessi skildi að England og Skotland og var til þess gerður að hefta villutrúarmennina Skota að komast til Englands.

Við þrjú gistum á mjög góðu hóteli í bænum Keswick sem er í Lake District þessa nótt, en Jói og Gunna á tjaldsvæði rétt við bæinn.



Listavekin eftir Leif Breiðfjörð



Þetta er nýrra verkið eftir Leif



Mynd tekin fyrir utan St. Giles í Edinborg



Axel og Stefanía í Hexham



Jói að taka mynd við Hadrian Wall



Te og skonsur hjá Cathy í Bramton Cumbriu



Varúð!



Hólmar og Axel við Hadrian Wall

Dagur 9

Pennan dag skiptumst við í þrjá hópa, Axel og Stefanía og Hólmar og Eydís, keyrðu frá Glasgow og gistu í bæ sem heitir Hexham.

Stóri hópurinn gisti í Sunderland, en hjól Loga þurfti viðgerð sem gat ekki orðið af fyrr en daginn eftir. Starfsmenn BMW verkstæðsins þar tók vel á móti þeim og var þar allt annað viðmót en í Grimsby.

Við fimm keyrðum frá Keswick í rólegheitum þennan dag og fórum yfir Honister Pass sem er þekkt mótörhjólaleið í Lake District með brekkum sem eru með allt að 25% halla. Við áðum oft á leiðinni og tókum því fjarska rólega til að byrja með. Við skoðuðum frægan kastala sem heitir Muncaster Castle á gríðalega fallegu svæði, sem Lake District er.

Þegar við fórum frá kastalanum þá höfðum við ekið ca. 40 mílur frá því um morguninn í gegnum mjög fallegt svæði og skemmtilega vegi. Lake District er fallegasta svæðið sem við keyrðum um í þessari ferð.

Seinni partinn tókum við svo sprettinn og gistum á hóteli í sunnanverðum Yorkshire Dales rétt utan við bæ sem heitir Skipley. Hótelið heitir Red Lion hotel, mjög flott hótél, með Michelin matstað - sem við borðuðum á.

Við gæddum okkur á önd með tilheyrandi – frábær matur á skemmtilegum stað.

Jói og Gunna tjölduðu eftir matinn á tjaldsvæði rétt við hótelið.



Áð við Honister Pass



Notalegur hádegisnæðingur í afar fallagri krá sem heitir The Barn á leiðinni í gegnum Honister Pass



Áð við Honister Pass



Dagur 10

Við fimm lögðum af stað kl. 10 frá Red Lion hótelinu í Skipley þennan næsta síðasta dag ferðarinnar. Ferðinni var heitið til Grimsby og við áætluðum að vera komin þangað fyrir kl. 3. Það gekk eftir.

Guðmundarnir, Örn, Logi, Guðbrandur og Stefán, sem gistu í Sunderland þessa nótt komu snemma dags til Grimsby og fóru á BMW verkstæðið, vegna viðgerðar á hjóli Stefáns.

Axel, Stefanía, Hólmar og Eyrún skiluðu sér á hótelið seinni partinn.

Flestir þátttakendur voru komnir þangað og sumir höfðu verið á BMW verkstæðinu og aðrir farið í miðbæinn í Grimsby.

Hjólaferðinni var lokið á sama stað og hún hófst við Premier Inn hótelið í Grimsby en hófst á sama stað ellefu dögum áður. Framundan var að huga að hleðslu hjólanna og undirbúa hana - svo sameiginlegur kvöldverður á veitingastaðnum.



Traustason, Logi og Guðbrandur



Jói, Gunna, Ragnarsson og Axel



Bjarney og Jón Þór að hlaða



Guðmundur og Örn sælir á svipinn eftir vel heppnaðann túr



Hólmar, Jói, Gunna og Eyrún

Blogg frá Hilmarí - seinni partinn fimmtudaginn 6. maí:

Núna eru allir komnir saman á hótelinu í Grimsby á sama stað og gist var fyrstu nóttina og hjólaferðin hófst, þangað komum við í fjórum hópum, fimm voru í einum hópnum sem fór til Lake District, eftir að hafa hjólað þar um kring, annar fjögurra manna hópur, Axel, Stefanía, Eyrún og Hólmar kom frá Glasgow, en þaðan ætluðu tvær konur að fara með flugi heim til Íslands, en þurftu frá að hverfa sökum lokunar á flugi til landsins og komu því með sínum mönnum til Grimsby og verða þá væntanlega samferða hópnum heim þaðan. Restin eða sex hjólamenn komu við í Newcastle og Sunderland á sinni leið til Grimsby en þar er endapunkturinn á hjólaferðinni. Eitt hjól er bilað og er verið að reyna að fá það viðgert svo ekki þurfi að fresta lestun hjólanna í gáminn. Gert er ráð fyrir því að lestun hefjist í fyrramálið klukkan átta, klukkan tólf kemur rútan svo að sækja fólkið og flytja þaðan til London í flug heim. Ekki er betur vítað en að allt sé í lagi með flug þaðan, hópurinn veður kominn til London milli 4 og 5 síðdegis en flugið er áætlað í loftið um níuleytið.

Ferðin hefur tekist alveg frábærlega vel og allir mjög ánægðir með túrinn og nánast í skýjunum yfir því hversu vel tókst til í alla staði og allir heilir menn og mótorfákar, utan smá óhapps, sem þó vart er á blað festandi. Í kvöld verður svo borðað saman og væntanlega skrafað um ferðina og vafalaust lagt á ráðinn um næstu ferð á erlendri grund og einnig heima, en það eru komnar einar fimm hugmyndir um ferðir innanlands í sumar, sennilga verður biðin eftir hjólunum erfið, þar sem skipið verður um það bil viku á eftir okkur heim.



Ég var svo heppin að fá tækifæri til að fara í mótorhjólaferð um Skotland. Ég sat aftan á hjóli í níu daga sem minn ektamaki stýrði af mikilli leikni og öryggi.

Það er ótrúleg upplifun að sjá landið, búsmalann og fólkið líða hjá í áhyggjuleysi og gleði. Ilmurinn síbreytilegur allt frá blómailmi, ilmi af nýsleginni töðu og angan af brennandi eldivið allt til stæks mykjufnyks.

Vegirnir hlykkjuðust um hæðótt, fallegt landslag, veðrið prýðilegt og ferðafélagarnir hjálpsamir, ljúfir og þægilegir.

Ferðin var fjölbreytt, sérhver dagur var nýtt ævintýri.

Húrra fyrir því hvað mér tókst að hafa nettan og léttan farangur. Það verður sennilega ekki endurtekið þótt ég viti að sumir þrái það.

Ég þakka fyrir að fá að vera með og fyrir þessa frábæru upplifun.

Sjáumst síðar.

Stefanía V. Sigurjónsdóttir



Dagur 11

Eftir morgunverð þá þá þennan síðasta dag ferðarinnar fórum við með hjólin niður á höfn í Immingham og hófum að hlaða gáminn. Konurnar fóru í smá verslunarferð niður í Grimsby á meðan.

Vel gekk að hlaða gáminn og verð því lokið um hádegjið. Rútan okkar sóttir okkur niður á höfn og eftir að farangurhafði verðið hlaðinn þá var haldið af stað til London. Þangað komum við klukkan rúmlega 18. Brottför átti að vera klukkan rúmlega 21 en seinkun var á því vegna gossins og var brottför ekk fyrir en rúmlega 23 og svo var millilent í Glasgow.



Axel að keyra hjólið sitt inn í gáminn



Rútan okkar með kerru undir farangurinn



Axel og Stefanía fyrir utan rútuna



Mnd er tekin við gáminn - pása við hleðsluna



Slappað af á Heathrow



Hleðslunni er lokið - Logi hleðslustjóri

Blogg frá Hilmari - 8. maí:

Jæja þá er ferðinni lokið og allir komnir heim heilir. Síðasti dagurinn okkar var langur. Hann hófst náttúrulega eins og reyndar allir dagarinnir á morgunverði og eftir það fóru menn með hjólin niður á höfn til að hlaða gáminn. Tveir fóru reyndar á BMW verkstæðið í Grimsby áður og komu síðar, en við lukum við að hlaða um hádegjið. Þá var ekið af stað til London, sem var um 5 klst. akstur.

Flugið átti að fara kl. 21,10, en það var seinkun til rúmlega 11 og svo var lent í Glasgow á leiðinni heim og við komum um kl 04,00 til Keflavíkur.

Frábærri ferð lokið, ferð sem svo sannanlega stóð undir væntingum og miklu meira um það. Þetta var frábær hópur og konurnar í hópnum - sem voru fjórar - eiga svo sannanlega heiðru skilið fyrir það að koma með okkur og settu þar að auku mjög svip sinn á ferðina.

Við þökkum þeim fjölmörgu sem fylgdust með okkar hér á þessu bloggi og munum setja myndir hér inn á næstu dögum. Það eru reyndar komnar nokkrar myndir í dag svona að handahófi - kikið á þær

Að lokinni ferð

Mikil vinna liggur að baki undirbúningi vegna ferðar sem þessarar. Á fyrsta fundi okkar í haust kom strax fram mikill áhugi fyrir að fara ferð til Skotland – alls mættu 23 á þann fund.

Við höldum fundi reglulega um skipulag og hvernig við gætum staðið að ferðinni, hvaða leið ætti að fara, hvernig við myndum gista og hvar. Hvernig skipting yrði innan hópsins og margt annað sem skiptir máli í ferð sem þessari.

Fljótlega var ákveðið að byrja þannig að hópurinn myndu gista saman fyrstu og síðustu nótt ferðalagsins. Þá kom tillaga um að hittast einn dag - allir sama um miðbik - ferðarinnar og halda nokkurskonar hátíð og gera þá vel við okkur – allavega gera meira úr því en hin kvöldin.

Fljótlega í ferlinu kom í ljós áhugi hjá nokkrum að taka konurnar sínar með og á endanum urðu þær fjórar - og þeirra hlutur í ferðinni var frábær.

Þá kom upp sá möguleiki að þeir sem þyrftu færu á BMW verkstæði og létu fara yfir hjólin, enda ekki unnt að gera það hér heima. Þá um leið myndum við reyna að ná samning-um um kaup á varahlutum og fatnaði.

Endaleg áætlun um ferðaleið lá svo fyrir mánuð fyrir brottför en hana suðu saman þeir Axel, Hólmur og Jói. Þá var unnt að gera áætlun um gististaði sem Axel, Gunnar, Hilmar og Logi sáu að mestu um. Sú leið sem ákveðin var ekin í stórum dráttum. Hópurinn skiptist á öðrum degi í tvo meginhópa sem urðu fleiri eftir því sem leið á ferðina.

Umsjón með hátíðinni í Pitlochry sá Axel um.

Undirbúningur á hleðslu hjólanna var í umsjá Loga en hann hafði sér til aðstoðar Gunnar og

Guðmund Traustason. Þeim er þakkað alveg sérstaklega fyrir frábæra hluti varðandi það mál.

Guðmundur Ragnarsson sá um samninga vegna rútunnar sem keyrði menn að og frá flugvell.

Gunnar Jónsson komst ekki með í ferðina vegna veikinda, en hann veiktist stuttu fyrir brottför. Þá komst Guðmundur Björnsson ekki með vegna anna.

Við höldum úti blogg-síðu vegna ferðarinnar, sem reyndar var ekki skrifað eins mikið á og reiknað var með, sem var vegna þess hver erfitt var að komast í netsamband. Gunnar Jónsson sá um að skrifa fyrir okkur, en við tókum á það ráð að tala inn á talhólf hans til að bæta úr því að einhverju leyti – sama ástæða er fyrir því að minna var um myndir en áætlað var.

Umsjón með síðunni höfðu: Axel, Hilmar og Hólmur. Mun meiri áhugi var á þessari síðu en við reiknuðum með en samtals voru flettingar á henni voru rúmlega 9,000.

Peningamál voru í umsjá Loga sem hefur haldið utanum þau með miklum ágætum.

Við seldum auglýsingar á hjólin til fjögurra fyrirtækja: Blue Mountain, Icelandair, Samskipa og N1 og ber að þakka þeim fyrir góðan stuðning,

Það má margt læra af ferð sem þessari og sú reynsla mun koma sér vel fyrir ferðir af þessu tagi í framtíðinni, en þær verða efalaust fleiri.

Þegar teknir eru saman hversu margir kílómetrar voru eknir í ferðinni þá eru þeir ca. 33,000 eða á milli 2,700 – 2,800 á hver hjól, sem gerir að meðaltali ca. 230 km pr. dag pr. hjól. Þökkalegt það.

Texti: Axel Eiríksson, Guðmundur Ragnarsson, Hilmar Jónsson, Jóhann Ásmundsson og Stefanía Sigurjónsdóttir

Blogg: Axel Eiríksson, Hilmar Jónsson og Hólmur Svansson

Tengiliður á bloggi: Gunnar Jónsson

Ljósmyndir: Axel Eiríksson, Hilmar Jónsson, Hólmur Svansson, og Jóhann Ásmundsson